

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 30. júní 2020
UST202006-293/B.S.
10.05.01


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka – Vorsabær. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að í tillögunni sé gerð fullnægjandi grein fyrir helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og þeirra gagna sem ætlunin er að afla.

Umhverfisstofnu telur að gera ætti grein fyrir frágangi og útliti námu vestan Affalls ef það svæði telst sambærilegt og fyrirhugað efnistökusvæði og geti gefið vísbendingar um mögulegan frágang. Einnig ætti að gera grein fyrir hvort unnt verði að ganga frá svæðum í lok hvers áfanga og hvernig ásjáð viðkomandi svæða gæti orðið. Að lokum vill Umhverfisstofnun benda á heimasíðuna namur.is þar sem unnt er að nálgast upplýsingar um efnistöku og frágang.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur